


Bolafjall – áfangastaður

Skipulagslýsing



LANDMÓTUN
Hamraborg 12
200 Kópavogi
Sími: 575 5300

1. INNGANGUR	3
2. YFIRLIT YFIR EFNI OG UMFANG SKIPULAGSÁÆTLUNAR	4
2.1. Almennt	4
2.2. Lýsing á staðháttum	4
3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1. Aðalskipulag Bolungarvíkur	5
3.2. Ferðamálaáætlun 2011-2020	7
3.3. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	7
4. TÍMAÁÆTLUN	8
5. KYNNING OG SAMRÁÐ	9
6. HEIMILDIR	9

1. INNGANGUR



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið markað rauðu, svæði B2, bílastæði og ratsjárstöð Landhelgisgæslunnar, markað gulu, vatnsvernd mörkuð bláu.

Bolungarvíkurkaupstaður leggur hér fram skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Bolafjalls - áfangastaður í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Um er að ræða gerð deiliskipulags um útsýnispalla, göngustíga og bílastæði á Bolafjalli við Bolungarvík á grundvelli verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun áfangastaðar sem haldin var árið 2018. Með deiliskipulagsgerð er markmiðið að móta og staðfesta heildstætt skipulag fyrir áfangastaðinn og fá yfirsýn yfir þá uppbyggingu sem framundan er á svæðinu. Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlanana nr. 105/2006.

Deiliskipulagssvæðið er á heiði Bolafjalls í um 600 m.y.s. um 46 ha að flatarmáli. Bolafjall er þverhnipt með Hlíðardal og Breiðabólsdal að sunnanverðu og Stigahlið niður að sjó að norðanverðu. Á fjallinu er lóð ratsjárstöðvar Landhelgisgæslunnar, skilgreind sem öryggissvæði og er ekki innan deiliskipulagssvæðisins. Aðkoma að deiliskipulagssvæðinu er eftir núverandi vegi frá Skálavíkurvegi (630) við Hærrikross.

Þar verður gert ráð fyrir útsýnispöllum, göngustígum, bílastæðum fyrir um 15 bíla og lóð undir verslun- og þjónustu. Svæðið einkennist af ósnortnu landslagi og stórbrotnu útsýni þar sem náttúruöflin ráða ríkjum og mun öll uppbygging miðast að upplifun á svæðinu og viðkvæmni þess.

Markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Móta heildstætt skipulag fyrir áfangastað á Bolafjalli og fá yfirsýn yfir þá uppbyggingu sem framundan er á svæðinu.
- Afmarka og skilgreina svæði innan deiliskipulagssvæðisins eftir nýtingu þeirra og verndun.
- Skapa áfangastað og útivistarsvæði sem gefur einstaka upplifun og nálægð við náttúruöflin.
- Ákvarða og skilgreina staðsetningu og legu útsýnispalla, göngustíga og bílastæða á svæðinu þar sem lögð er áhersla á gott aðgengi.
- Skilgreina lóð undir verslun- og þjónustu, setja skilmála sem miðast að því að vernda sérstöðu og viðkvæmni svæðisins t.d. útlit bygginga og fráveitu.

2. YFIRLIT YFIR EFNI OG UMFANG SKIPULAGSÁÆTLUNAR

2.1. Almenn

Stór hluti deiliskipulagssvæðisins er skilgreindur sem óbyggt svæði og hluti þess undir vatnsvernd, fjarsvæði. Í Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020 er um 8,8 ha svæði skilgreint með blandaða landnotkun (B2), þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði.



Mynd 2. Ratsjárstöðin á Bolafjalli. Mynd: Bolungarvíkurkaupstaður.


2.2. Lýsing á staðháttum

Umfjöllun hér á eftir um grunnástand umhverfis er hluti af forsenduöflun fyrir greinargerð deiliskipulagsins. Við gerð deiliskipulags verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn og úttektir á svæðinu er kemur að náttúruferi, svo sem gróðurferi, dýralífi, landslagi og jarðfræði.

Deiliskipulagssvæðið er á Bolafjalli, ofan Bolungarvíkur, yst við Ísafjarðardjúp á hæsta hluta Bolafjalls í um 600 m.ys. og er um 46 ha að flatarmáli.

Bolafjall eins og mörg önnur fjöll á Vestfjörðum er þverhnipt sjávarbjarg með flatan koll þar sem dýralíf einkennist af sjófugli. Berggrunnurinn er bastalthraunlög og á milli þeirra eru rauðleit setlög. Yfirborð svæðisins er mjög hrjóstrugt, einkennist af melum, sandlendi og mosaflákkum.

Nokkuð vindasamt er á fjallinu og samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands eru austan og norðaustanáttir (A -NA) ríkjandi á svæðinu .




Mynd 3. Vindatlas Veðurstofu Íslands sem gefur hugmynd um vindafar á svæðinu.

3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður farið yfir tengsl deiliskipulagsins við aðrar áætlanir og efni og helstu stefnumið þeirra áætlana. Ekki hefur verið unnið deiliskipulag á svæðinu áður.

3.1. Aðalskipulag Bolungarvíkur



Mynd 4. Hluti af Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020, staðsetning deiliskipulagssvæðisins markað rauðum hring.

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2006-2020 var staðfest af ráðherra þann 2. maí 2011. Þar er deiliskipulagssvæðið skilgreint að stórum hluta sem óbyggt svæði og hluti þess undir vatnsvernd, fjarsvæði og um 8,8 ha svæði er skilgreint með blandaða landnotkun (B2), þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði.

Í aðalskipulaginu segir í kafla 6 Óbyggt svæði:

Óbyggt svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Til óbygðra svæða telst hálendi sveitarfélagsins og önnur afskekkt svæði eða svæði þar sem mannvirkjagerð er ekki fyrirhuguð.

Í greinargerð með markmiðum fyrir óbyggt svæði segir m.a.;

Verndarmarkmið aðalskipulagsins, sem sett eru fram í kaflanum um náttúru, kveða m.a.a á um sjálfbæra nýtingu auðlinda, aðgengi að náttúru, verndun sérkenna, líffræðilegrar fjölbreytni og landslags.

Vatnsverndarsvæði er skilgreint á skipulagsuppdrætti aðalskipulagsins og innan þess eru skilgreind tvö brunnsvæði. Það svæði sem fellur undir skilgreininguna vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, er um 781,7 ha að flatarmáli. Í gildandi aðalskipulagi, kafla 5 Vatn, loft og hljóð, eru sett fram skilyrði varðandi framkvæmdir og umgengni innan vatnsverndarsvæða samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 m.s.br.

Vatnsvið vatnsbóla

I.flokkur. Brunnsvæði

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

II. flokkur. Grannsvæði

Á grannsvæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarhúsa eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði

Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrri slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Í markmiðum kafla 5 kemur m.a. fram;

— *Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt vatn, til neyslu og annarra nytja, samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.*

Svæði B2 er skilgreint með blandaða landnotkun, þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði. Á því svæði sem fellur undir þjónustustofnun er ratsjár- og fjarskiptastöð sem er á höndum Landhelgisgæslunnar. Í töflu 11.4 Fjarskipti í aðalskipulaginu eru sett ákvæði um svæðið og þar segir;

Möguleiki fyrir áframhaldandi notkun ratsjár- og fjarskiptastöðvar og uppbyggingu fjarskiptabúnaðar. Nýting skal samræmast almennum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð. Svigrúm er einnig til uppbyggingar ferðaþjónustu sbr. töflu 8.4. Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við utanríkisráðuneytið.

Í ákvæðum er varða verslunar- og þjónustuhluta svæðisins segir í töflu 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu;

Svigrúm til uppbyggingar þjónustu, s.s. afbreytingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auk núverandi notkunar sbr. töflu 11.4. Fjarskipti. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina, sbr. kafla 11.2.3. Fjarskipti.

Markmið aðalskipulagsins í kafla 12.1 Göngu- og hjólaleiðir eru m.a.;

— Fyrirkomulag gönguleiða virki hvetjandi fyrir íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu.

— Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi.

— Ávallt verði hugað að aðgengi fyrir alla.

Sértök áhersla er lögð á að bæta aðgengi að fjörum, vötnum, fjalllendi og vinsælum útivistar- og ferðamannastöðum, með nýlagningu stíga eða merkingu leiða eftir því sem við á.



Mynd 5. Horft eftir veginum að ratsjárstöðinni. Mynd: Bolungarvíkurkaupstaður.

3.2. Ferðamálaáætlun 2011-2020

Ferðamálaáætlun 2011-2020 var samþykkt á Alþingi í júní 2011. Þar eru sett fram fjögur meginmarkmið:

- 1. Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar*
- 2. Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið*
- 3. Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar*
- 4. Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugum greiningar- og rannsóknarstarfi*

3.3. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Markaðsstofa Vestfjarða vann í samvinnu við Ferðamálastofu Áfangastaðaáætlun Vestfjarða sem birt var 2018. Þar er markmiðið að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki.

Í aðgerðaráætlun, norðursvæði kemur fram að Bolafjall er talsvert heimsótt af ferðamönnum og lögð er til heildarskipulagning Bolafjalls sem áfangastaðar.

Í kafla 6 Mælikvarðar, eru dregnir saman sérstaklega mælikvarðar fyrir hvert verkefni og tímarammi þar segir um Bolafjall:

- a. Aukið aðgengi*
- b. Uppbygging þjónustuhúss*
- c. Aukið öryggi.*

Tímarammi er settur 2018-2021.

4. TÍMAÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að skipulagsferlið taki um hálf t. Framvinda er þó háð ákvarðanatöku sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins og getur því eftir atvikum tekið skemmri eða lengri tíma. Hér eru sett fram drög að tímaáætlun með fyrirvara um breytingar.

1. **Maí** – Skipulagslýsing lögð fyrir umhverfismálaráð og afgreidd af bæjarstjórn.
2. **Maí** – Skipulagslýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og öðrum umsagnaraðilum. Lýsing kynnt almenningi skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með tveggja vikna fresti til þess að senda inn athugasemdir.
3. **Ágúst** – Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir í umhverfismálaráði þar sem farið er yfir umsagnir og ábendingar. Tillaga samþykkt til auglýsingar.
4. **September** – Tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
5. **Nóvember** – Deiliskipulagið samþykkt af bæjarstjórn og það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

5. KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing þessi verður send eftirtöldum aðilum til umsagnar. Einnig verður tillagan auglýst og aðgengileg almenningi á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu.

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Utanríkisráðuneytið.
- Landhelgisgæsla Íslands.
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- Ferðamálastofa Íslands.
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofa Vestfjarða.

6. HEIMILDIR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2006-2020.

Ferðamálaáætlun 2011-2020.

Lög nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Skipulagsög nr. 123/2010.

Vatnalög nr. 20/2006.

Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.